



Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Laufskálar 2  
850 HELLA

Garðabær, 27.8.2025  
Málsnúmer: 202507-0032  
IAS

**Efni: Bjallavað, tillaga að deiliskipulagi áningarstaðar**

Vísað er til erindis Rangárþings ytra frá 15. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi áningarstaðar við Bjallavað innan Friðlands að Fjallabaki.

Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk við Bjallavað á Fjallabaksleið nyrðri í Rangárþingi ytra. Markmiðið skipulagsins er að efla þolmörk friðlandsins með því að bæta þjónustu við gesti þess með mótun bílastæðis, gerð áningarstaðar og þurrsalernis við friðlandsmörkin.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir athugasemdir við að í þeim kemur ekki skýrt fram hver verður rekstrar- og þjónustuaðili áfangastaðarins. Svæðið er innan friðlands og það er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Hraunið er hins vegar sandorpið og því hefur að einhverju leyti verið raskað á svæðinu og því gerir stofnunin ekki athugasemdir við uppbyggingu áningarstaðarins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur